



Reykjavík, 8. apríl 2024

USK24020139

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Samgöngur og borgarhönnunar

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um Hlemm

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 14. febrúar 2024 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsingar um hvort skipulagsyfirvöld hafi haft samráð við rekstraraðila Mathallarinnar á Hlemmi um framkvæmdir sem þar eru í gangi og hvaða áhrif þær hefðu á viðskipti Mathallarinnar? Fulltrúi Flokks fólksins spyr auk þess um áætlaðan kostnað og verklok vegna framkvæmda á Hlemmi og nágrenni?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 28. febrúar 2024.

Svar:

Haldinn var sérstakur fundur með fulltrúum Mathallarinnar, Veitna og Reykjavíkurborgar þann 16. febrúar sl. þar sem rætt var um fyrirhugaðar framkvæmdir og mótvægisáðgerðir vegna þeirra.

Áætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar við framkvæmdir við næsta áfanga Hlemms er 250 m. kr. og áætluð verklok eru í maí 2025.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri



Reykjavík